Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Sjálfstæðismenn í Reykjavík. Ávarp til sjálfstæðismanna í Reykjavík 1939

Bjarni Benediktsson – Sjálfstæðismenn í Reykjavík. Ávarp til sjálfstæðismanna í Reykjavík 1939

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ávarp til sjálfstæðismanna í Reykjavík

Þegar sjálfstæðisflokkurinn ákvað á síðast=
liðnum vetri að taka þátt í þjóðstjórn
með hinum tveimur stjórnmálaflokkunum,
Framsóknarflokknum og Alþýðuflokknum
og leggja til tvo ráðherra í þá stjórn,
var það first og fremst gert í fullu trausti
þess að með því fengi stefna sjálfstæðis=
flokksins meiri áhrif á stjórnarfram=
kvæmdir í landinu en verið hafði undan=
farið. Og þótt sjálfstæðisflokknum væri
það ljóst, að stefnu hans með þessu
gat ekki verið tryggt fult vald yfir
stjórnarathöfnum, þótti ráðandi mönnum
flokksins ekki rétt að hafna samvinnu
á þessum grundvelli, með því líka
að svo var álitið almennt að með þessu
lægi fyrir viðurkenning frá hinum
stjórnarflokkunum að ástandið í land=
inu væri nú orðið þannig, að nauðsyn=
legt væri að taka til greina stefnu
sjálfstæðisflokksins að meira eða minna
leiti, ef mögulegt ætti að vera að bæta
fjárhag þjóðarinnar og vinna aftur
traust hennar á viðskiftum út á við.

Mikill hluti sjálfstæðismanna í land=

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn leit því með réttu svo á, aðum leið og sjálfstæðismenn tóku sér þettað vandaverk í stjórn landsins irði jafnframt að efla svo stefnu flokksins út á við meðal kjósenda að umbjóðendum flokksins í ríkisstjórninni irði að því sem mestur stirkur, og að þetta irði helst gert með auknu félagslífi meðal sjálfstæðismanna og aukinni þátttöku einstaklinga í umræðum um dægurmálin.

Því er það, að nokkrir áhugasamir sjálfstæðismenn hafa gengist fyrir því að mynda enn eitt sjálfstæðisfélag hér í þessum bæ, til þess að efla sem best samtök flokksins og halda sem best lifandi sambandi ekki einasta á ~~milli~~ milli félaganna heldur og á milli foristumanna flokksins og kjósendanna, hver sjálfstæðismaður, konur sem karlar, og í hvaða stétt sem er, sem leggja vill því lið að byggja upp örugga þjóðfélagsbiggingu á stefnu sjálfstæðisflokksins, á erindi í þettað félag, sem fyrst og fremst mun ræða málin við meðlimi sína, áður en afgreiðsla þeirra er ákveðinn, en standa síðan fast utan um það, að þau fái þá afgreiðslu, sem félagsmenn hafa talið hollasta fyrir þjóðfélagið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stofnfundur félagsins verður haldinn í
Varðarhúsinu mánudaginn 27. Nóvember kl. 8$^{30}$
s. d. stundvíslega.
Ef þér góður sjálfstæðismaður og borgari,
viljið vera með að byggja hér upp sterkan
og góðan félagsskap, þá ritið nafn yðar á
þettað skjal og mætið síðan á stofnfundi,
ef þér komið því við.
Ársiðgjald félagsins er minst kr. 2,00
Meðlimir geta þeir orðið sem eru fullra 16 ára

Reykjavík 18 Nov. 1939.
F. h. undirbúningsnefndar
Gísli Jónsson

Guðbjartur Ólafsson. Gunnar A. Pálsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur